



Kæri Þingeyingur

Við hjá HSB viljum vekja athygli þína á Unglingalandsmóti UMFÍ sem er vímulaus íþrótt- og fjölskylduhátíð sem haldin er árlega um verzlunarmannahelgina. Í ár verður mótið á Akureyri en þar er frábær íþróttaaðstaða og allt til alls. Í ár bjóðum við krakka fædda árið 2004 og fjölskyldur þeirra sérstaklega velkomin.

Keppnisrétt hafa allir á aldrinum 11 – 18 ára en einnig eru í boði ýmiss verkefni fyrir 10 ára og yngri. Mótsgjald fyrir keppendur HSB er aðeins kr. 3.000.- og geta keppendur keppt í eins mörgum greinum og þeir vilja. Keppnisgreinar í ár eru 29 talsins, sjá nánar á www.ulm.is. Skráningafrestur er til 26. júlí.

HSB verður með veislutjaldið sitt á tjaldsvæði HSB og verður þar heitt á könnunni og bakkelsi sem foreldrar koma með í púkkið. Þar verða afhent mótsgögn og ýmsar upplýsingar sem tengjast mótinu.

Á föstudagskvöldinu fer fram skruðganga og fá keppendur boli frá HSB til að klæðast í sem styrktir eru af Narfastöðum, Dalakofanum og Framsýn.

Endilega hafið samband ef einhverjar spurningar vakna í síma: 896 3107 eða á netfanginu hsth@hsth.is.

Unglingalandsmótsnefnd HSB

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

27. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 22. júlí 2015

Afmælisbörn dagana 23. júlí — 29. júlí 2015

23. Elías Eyþór Þórarinsson, Jón Ingi Hinriksson,
Linda Ósk Antonsdóttir, Örnólfur Jóhannes Ólafsson.
25. Hjalti Gylfason, Margrét Ósk Friðriksdóttir,
Steingrímur Jóhannesson.
26. Kolbrún Ívarsdóttir.

Tónleikar.

Miðvikudagur 22. júlí kl. 20:30, Reykjahlíðarkirkja.
Anna Jónsdóttir, sópran
syngur og kynnir íslensk þjóðlög.



Fimmtudagur 23. júlí kl. 20:30,
Hallarflöt í Dimmuborgum.
Anna Jónsdóttir, sópran
syngur og kynnir íslensk þjóðlög.

Mýflugan

Kæru lesendur
og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Geitey ehf/ Dimmuborgir Guesthouse.

Óskum eftir fólki til starfa!

Erum að leita eftir kraftmiklu fólki í fullt starf.

Störfin felast í ferðaþjónustu og fiskvinnslu.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af slíkum störfum en einnig er tölvu og enskukunnátta mikilvæg.

Um er að ræða 4 störf og því geta þau hentað vel t.d. pörum.

Umsóknir berist á hhedins@hi.is fyrir 31. júlí

Maður þarf bara að vera
gláður, bjartsýnn, jákvæður
og hafa von í hjarta
þá gengur allt betur

~ Reynir Pétur

hugarorka

Sumartónleikar við Mývatn 2015

29 starfsár.

Reykjahlíðarkirkja laugardag 25. júlí kl. 21.00

Flytjendur: CORPO DI STRUMENTI;

Marie Rouquié og Gabriel Grosbard, fiðlur, Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir, selló, Joseph Rassam, semball.

Efnisskrá sína kalla þau Rósakransinn, en þau leika sönötur fiðlusnillingans Heinrich Ignas Franz von Biber, sem á miðöldum samdi af áður óþekktri innlifun fiðlutónlist sem túlkaði leyndardóma bænakrans í kaþólskri trú, sem nefnist Rósakransinn.

Hópurinn hefur leikið saman víða í Frakklandi, en leikur nú á sumartónleikum í Skálholti, við Mývatn og í Akureyrarkirkju.

Steinunn sem er Akureyringur hefur velt fyrir sér að bæta Jesús við nafnið sitt, svo hún passi betur við þau Gabríel, Maríu og Jóseph!

Aðgangur ókeypis, en tekið við frjálsum framlögum við kirkjudyrr.



Listrænn stjórnandi sumartónleika: Margrét Bóasdóttir.

Helstu stuðningsaðilar: Tónlistarsjóður, Landsbyggðartónleikar FÍT og FÍH, Reykjahlíðarkirkja, Skútustaðakirkja, Skútustaðahreppur, Mýflug, Sparisjóður Þingeyinga, Héraðssjóður Þingeyjarprófastdæmis, Hótel Reynihlíð, Sel Hótel Mývatn, Hótel Laxá, Hótel Gígur, Hlíð ehf - Eldá ehf, Vogar ferðaþjónusta, Vogafjós, Kaffi Borgir, Jarðböðin við Mývatn.